



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 17. janúar 2024

Efni: Drög að nýjum reglum um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fullorðið fólk lögð fram til afgreiðslu.

Á fundi velferðarráðs þann 27. nóvember sl. voru drög að nýjum reglum Kópavogsbæjar um stuðnings- og stoðþjónustu lögð fram til kynningar og umræðu ásamt minnisblaði verkefnastjóra dags. 22.11.2023 og tilgreindum fylgiskjölum. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Velferðarráð vísar drögum að nýjum reglum um stuðnings- og stoðþjónustu til kynningar og umræðu í öldungaráði og notendaráði í málefnum fatlaðs fólks.“

Á fundi Notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks þann 13. desember sl. voru drög að nýjum reglum lögð fram til kynningar og umræðu og var eftirfarandi bókun gerð:

„Notendaráð samþykkir framlögð drög að reglum fyrir sitt leyti. Notendaráð lýsir yfir áhyggjum af ákvæði í b. lið 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu þar sem fjallað er um aðkomu annarra heimilismanna að heimilishaldi. Tryggja þarf að álag á heimilismenn umsækjenda sé ekki of mikið. Óskað er eftir að starfsfólk Velferðarsviðs skoði orðalagsbreytingar á þessu ákvæði.“

Á fundi öldungaráðs þann 17. janúar sl. voru drög að nýjum reglum lögð fram til kynningar og umræðu og var eftirfarandi bókun gerð:

„Öldungaráð samþykkir drög að reglum um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir sitt leyti og vísar þeim til velferðarráðs að nýju. Ráðið þakkar fyrir góða kynningu.“

Til þess að bregðast við athugasemdum frá notendaráði í málefnum fatlaðs fólks voru gerðar orðalagsbreytingar á ákvæði b. liðar 3. gr. reglna um stuðningsþjónustu.

“...Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima ~~sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir~~ þar með talið heimilisþrif. [Ef fleiri fullorðnir búa á heimilinu þarf að huga að sanngjarnri verkaskiptingu við heimilishald.](#) Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.”

Telja starfsmenn að með þessum breytingum sé komið til móts við þau sjónarmið sem fulltrúar ráðsins héldu á lofti á fundinum.



Eins og áður hefur komið fram (Fylgiskjal 3) er um að ræða nýjar reglur sem byggja á lagabreytingum frá árinu 2018. Drög að nýjum reglum um stuðningsþjónustu (Fylgiskjal 1) byggja á 25. til 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 þar sem fjallað er um stuðningsþjónustu og 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fjallað er um opna öldrunarþjónustu. Stuðningsþjónusta upp að 60 tímum á mánuði fellur undir þessar reglur en ef um auknar stuðningsþarfir er að ræða vegna fötlunar skal fara með þjónustu skv. drögum að reglum um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (Fylgiskjal 2) sem byggja á 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem fjallað er um stoðþjónustu og þær þarfir sem hún skal miðast við.

Þessar nýju reglur um stuðnings- og stoðþjónustu koma í stað reglna Kópavogsbæjar um félagslega heimaþjónustu (Fylgiskjal 4) og reglna um stuðningsþjónustu við fatlað fólk (Fylgiskjal 5). Helstu breytingar frá eldri reglum eru að í nýjum reglum eru þjónustupættir og inntak þeirra skilgreint með öðrum hætti og hámark í tímafjölda þjónustunnar breytist. Verklagi þegar kemur að mati og áætlunum um framkvæmd þjónustu er breytt og málsmeðferðarkafar skýrðir þar sem áhersla er lögð á leiðbeiningarskyldu sveitarfélagsins og gætt sé að viðeigandi aðlögun.

Eins og áður hefur komið fram getur reynst erfitt að meta áhrif nýrra reglna á kostnað þjónustunnar í Kópavogi sem er í takt við reynslu nágrannasveitarfélaga. Rétt er þó að athuga að þar sem ný og breytt löggjöf hefur þegar tekið gildi hefur ákveðinn aukning á kostnaði þegar komið fram við framkvæmd þjónustunnar þar sem lög eru rétthærri reglum sveitarfélaga stangist ákvæði á. Inni á velferðarsviði Kópavogs standa yfir skipulagsbreytingar þar sem öll framkvæmd stuðnings- og stoðþjónustu er til endurskoðunar með stofnun Miðjunnar – samræmdrar stuðnings- og stoðþjónustu. Vonir standa til þess að með samræmdari framkvæmd og breyttu utenumhaldi um biðlista og forgangs röðun í þjónustu nái velferðarsvið að veita þjónustu skv. nýjum reglum innan þeirra fjárheimilda sem sviðið hefur fengið úthlutað á árinu 2024.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1: Reglur Kópavogsbæjar um stuðningsþjónustu.

Fylgiskjal 2: Reglur Kópavogsbæjar um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Fylgiskjal 3: Minnisblað verkefnastjóra 22.11.23.

Fylgiskjal 4: Reglur um félagslega heimaþjónustu í Kópavogsbæ

Fylgiskjal 5: Reglur um stuðningsþjónustu við fatlað fólk

